

Góðan dag,

Ég óskar eftir að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps veiti undanþágu til að hefja framkvæmdir við byggingu sumarhúss í landi Sandlækjar 1 lóð 5, áður en deiliskipulag hefur verið lagt fram eða samþykkt. Deiliskipulag er í vinnslu og er það Pétur H. Jónsson skipulagsfræðingur sem annast það.

Greinargerð.

Árið 1988 byggðu Friðrik Ág. Ólafsson og Erna Snævarr Ómarsdóttir lítið frístundahús í landi Breiðaness á lóð sem seinna fékk heitið Sandlækur 1 lóð 5, lnr. 166643. Þau greiddu fasteignagjöld af húsinu allan tímann sem þau áttu það. Húsið er nú í eigu Elínar Erlingsdóttur á Sandlæk en það stóð á lóðinni til ársins 2006 eða 2007 en þá var það flutt upp að Sandlæk.

Vegna þess að hús stóð á lóðinni, stóð ég í þeirri trú að allt skipulag væri í lagi en svo kom í ljós að það er ekki, það er ekki til neitt deiliskipulag. Ekki finnast neindir pappírar hjá Bygginga- og skipulagsfulltrúa uppsveita um þetta hús, þrátt fyrir að vitað er að fyrri byggingafultrúi kom á staðinn og staðsetti húsið. Hjá Þjóðskrá er og hefur verið hússkráð á þetta landnúmer.

Því óska ég eftir því að sveitastjórnin veiti heimild til að hefja byggingu hússins á meðan deiliskipulagið er í vinnslu.

Ábúendum í Breiðanesi og Sandlæk er kunnugt um áform um bygginguna og hafa ekki sett sig upp á móti því.

Mbkv.

Helga Guðrún Loftsdóttir
Blöndubakka 5, 109 Reykjavík